



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands um niðurstöður kannana á upplifun nemenda af hádegismat í grunnskólum

Á fundi borgarráðs, 25. maí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingar um flutning barna milli skóla. Hversu tíðir eru slíkir flutningar og hverjar eru ástæður þess að foreldrar ákveða að taka barn úr skóla og setja í annan skóla? Spurt er um tölur síðustu 5 ára. Hér er verið að leita eftir svari sem varpar ljósi á ástæður þess að barn flyst á milli skóla, jafnvel ítrekað. Um gæti verið að ræða flutningar fjölskyldu vegna húsnæðisvanda, flutning barns í annan skóla vegna eineltismála svo eitthvað sé nefnt. Fulltrúi Flokks fólksins spyr um þessi mál ekki síst í ljósi mikilla erfiðleika á húsnæðismarkaði um þessar mundir. Stór hópur barnafjölskyldna búa við húsnæðisóöryggi og þurfa því sífellt að vera að færa sig um set. Foreldrar sem eru á leigumarkaði þvælast frá einu húsnæði í annað með börn sín. Dæmi eru um að börn frá efnaminni heimilum hafi gengið í allt að fimm grunnskóla áður en þau brautskrást. Vart þarf að fjölyrða um hin neikvæðu áhrif sem tíðir flutningar hafa á andlega og félagslega líðan barnanna sem um ræðir. Hér er spurt um hvað þetta eru mörg börn á ári og er óskað eftir að upplýsingum um síðustu 5 ár.

Svar:

Fyrir utan upplýsingar um lögheimilisbreytingar hefur skrifstofa skóla- og frístundasviðs takmarkaðar upplýsingar um ástæður skólaskipta. Þegar nemendaskrár fyrir skólaárin 2018-2019 til 2022-2023 eru skoðaðar kemur í ljós að rúmlega 7% nemenda voru ekki í sama skóla og þeir höfðu verið í árið áður, á árunum 2018-2022 eða um 920-970 börn á ári. Hlutfallið var lægra á milli skólaáranna 2021-2022 og 2022-2023 eða 5,8% nemenda. Á bilinu 51-59% nemenda sem skiptu um skóla fyrstu fjögur ár fyrrgreinds tímabils, skipti jafnframt um lögheimili á milli skólaára. Hlutfallið var hinsvegar tæplega 43% á milli seinustu tveggja áranna. Af þeim samtals 4.186 nemendum sem skiptu um skóla á tímabilinu 2018-2023 skiptu langflestir eða 91% um skóla einu sinni. Um 8% hópsins skipti tvisvar um skóla á tímabilinu, tæpt 1% eða 31 barn skipti um skóla þrisvar sinnum og eitt barn í fjögur skipti.

1. Fjöldi nemenda sem skipta um skóla á ári.


- Útgangspunktur var tekinn í nemendagrunni frá lokum skólaárs 2017-2018, þ.e. vor 2018, og athugað hversu mörg 1. – 9. bekinga þess vors, höfðu skipt um skóla í lok skólaárs 2018-2019, þ.e. vor 2019. Og síðan koll af kalli til vorsins



2023. Fyrir kemur að nemendur skipti um skóla tvisvar á sama skólaári og telur slíkt því ekki í þessari talningu hér. Þetta er hinsvegar mjög sjaldgæft og myndi ekki breyta stóru myndinni hér nema mjög lítillega.

- Mengið eru allir grunnskólanemendur í skólum í Reykjavík, borgarreknum og sjálfstætt reknum, fyrir utan Klettaskóla.
- Skólaskipti eru öll skipti á skólum, t.d. innan Reykjavíkur, út úr Reykjavík í önnur sveitarfélög, og út úr Reykjavík til útlanda. Ekki er um skólaskipti að ræða í ofangreindum skilningi, þegar um eðlilegan flutning er að ræða eins og t.d. þegar börn fara úr barnaskóla í unglingaskóla innan hverfis s.s. úr Engjaskóla í Víkurskóla eða Laugarnesskóla í Laugalækjarskóla.

Mynd A. Hlutfall grunnskólanemenda sem skipta um skóla á milli skólaára tímabilið 2018-2023



Tafla A. Fjöldi og hlutfall grunnskólanemenda sem skipta um skóla á milli skólaára, tímabilið 2018-2023

Tímabil	Fjöldi	Hlutfall
Vor 18 til vors 19	926	7,1%
Vor 19 til vors 20	961	7,2%
Vor 20 til vors 21	966	7,1%
Vor 21 til vors 22	970	7,2%
Vor 22 til vors 23	768	5,8%
Meðaltal 18-22	956	7,2%
Meðaltal 18-23	918	6,9%


Á mynd A sést að rúmlega 7% nemendahópsins í grunnskólum í Reykjavík, sem hélt áfram í grunnskóla árið eftir, hafði skipt um skóla á árunum 2018-2022. Af u.þ.b. 13.000-13.700 barna hópum eru þetta á bilinu 920-970 börn á ári eins og tafla A sýnir. Hlutfallið féll hinsvegar niður í 5,8% á milli áruna 2022 og 2023 og fór nemendafjöldinn þá sem fór á milli skóla niður fyrir 800.



2. Ástæður skólaskipta.

Fyrir utan upplýsingar um lögheimilisbreytingar þá hefur skóla- og frístundasvið takmarkaðar upplýsingar um ástæður skólaskipta. Í einhverjum tilfellum er um eineltismál að ræða enda fær skrifstofan reglulega slík mál inn á borð til sín, en ástæður skólaskipta eru ekki sérstaklega skráðar í nemendagrunn.

Mynd B. Hlutfall grunnskólanemenda sem skiptu um skóla ásamt því að skipta um lögheimili tímabilið 2018-2023



Tafla B. Fjöldi grunnskólanemenda sem skiptu um skóla og lögheimili á milli skólaára, sem hlutfall af öllum þeim skiptu um skóla, tímabilið 2018-2023.

Tímabil	Fjöldi	Hlutfall
Vor 18 til vors 19	491	53,0%
Vor 19 til vors 20	526	54,7%
Vor 20 til vors 21	570	59,0%
Vor 21 til vors 22	498	51,3%
Vor 22 til vors 23	328	42,7%
Meðaltal 18-22	521	54,5%
Meðaltal 18-23	483	52,1%

Mynd og tafla B sýna að á bilinu 51-59% grunnskólanemenda sem skiptu um skóla á milli ára tímabilið 2018-2022, skiptu einnig um lögheimili. Hlutfallið féll hinsvegar niður í 42,7% á milli árunna 2022 og 2023. Ólíkt árunum fjórum á undan, var innan við helmingur skólaskipta nemenda það árið, sem hægt var að rekja til lögheimilisbreytinga. Tilvikin sem ekki var hægt að rekja til lögheimilisbreytinga, voru þó álíka mörg vorið 2023 og á árunum 2018-2022. Hér þarf einnig að hafa í huga að mörg börn búa á tveimur heimilum þótt það sé aðeins með eitt skráð lögheimili.

3. Fjöldi skólaskipta hjá nemendum sem skiptu um skóla tímabilið 2018-2023.

Tafla C. Fjöldi skólaskipta hjá nemendum sem skiptu um skóla tímabilið 2018-2023

Fjöldi skipta	Fjöldi	Hlutfall
Eitt skipti	3814	91,1%
Tvö skipti	340	8,1%
Þrjú skipti	31	0,7%
Fjögur skipti	1	0,0%
Fimm skipti	0	0,0%
Samtals	4186	100%

Á 5 ára tímabilinu 2018-2023 skiptu samtals 4186 nemendur um skóla miðað við fyrrgreind skilyrði. Langflest þeirra skiptu einu sinni um skóla á tímabilinu eins og mynd og tafla C sýnir. Rúmlega 8% þessa hóps skiptu um skóla tvisvar á tímabilinu eða 340 börn, 31 barn skipti um skóla þrisvar og einn nemandi skipti fjórum sinnum um skóla tímabilið 2018-2023. Enginn nemandi skipti um skóla öll fimm árin.



Mynd C. Fjöldi skólaskipta hjá nemendum sem skiptu um skóla tímabilið 2018-2023

